

## Fundargerð fulltrúaráðs

\*\*\*\*\*

### 62. fundur fulltrúaráðs Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn föstudaginn 7. janúar, 2005 að Austurvegi 56 Selfossi, SASS-húsinu III hæð.

**Mættir:** Einar Njálsson, formaður, Snæbjörn Sigurðsson, varaformaður, Gunnar Þorgeirsson, ritari, Bjarki Reynisson, Bjarni Einarsson, Aðalsteinn Guðmundsson, Valdimar Guðjónsson og Torfi Áskelsson.

**Einnig mætti á fundinn:** Kristján Einarsson slökkviliðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn kl. 14:00.**

**Efni fundarins var eftirfarandi:**

1. **Fundargerðir stjórnar BÁ nr. 59 lögð fram.  
Fundargerð staðfest.**

2. **Fjárhagsáætlun fyrir árið 2005**

Slökkviliðsstjóri lagði fram drög að áætlun fyrir árið 2005 og áætlaða niðurstöðu reiknings fyrir árið 2004. Áætlað er að rekstarhali verði á reikningi 2004, helstu ástæður eru í launalið, kostnaður vegna bókhalds og skoðanna og reksturs bíla. Kostnaði verður mætt með greiðslum úr sjóði.

Varðandi áætlun 2005 eru helstu breytingar í launaliðnum, þar er gert ráð fyrir 3% hækkun á alla helstu liði. Einnig er áætlað vegna launa fyrir nýtt starf hjá BÁ. Í heild er peningaleg hækkun launaliðar áætlunarinnar milli ára 16%.

Hækkun er á lífeyrisgreiðslum f.v. slökkviliðsstjóra. Einnig er nú greidd húsaleiga fyrir allt það húsnæði sem BÁ hefur til afnota, á Selfossi, Stokkseyri, Laugarvatni og að Reykholti, samtals 783 m<sup>2</sup>.

Gert er ráð fyrir breytingum á húsnæði BÁ á Selfossi, um er að ræða félagsaðstöðu og kaffistofu.

Í áætlun er einnig gert ráð fyrir lántökukostnaði vegna tækjakaupa.

Gert er ráð fyrir fjármögnun á virðisauka vegna tækjakaupa, þessi kostnaður fæst endurgreiddur væntanlega allur á árinu 2005.

Í heild er peningaleg hækkun áætlunarinnar milli ára 37,1%.

Áætlað er kr. 50,230 millj. fyrir árið 2005.

**Fjárhagsáætlun fyrir árið 2005 samþykkt samhljóða.**

3. **Önnur mál.**

- a) Slökkviliðsstjóri sagði frá því helsta sem gerst hafði frá síðasta fundi fulltrúaráðsins og sagði frá því sem er framundan í starfseminni. Þar bar helst koma nýrra slökkvibíla og væntanlegar uppákomur í tilefni 30 ára afmælis Brunavarna Árnæssýslu. Stofnfundur BÁ var haldinn þann 6. janúar 1975

---

**Formaður þakkaði slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra sem og öllum slökkviliðsmönnum góð störf og gott samstarf á starfsárinu og óskar þeim og þeirra fólki velfarnaðar á komandi tímum.**

**Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 15.00**

Einar Njálsson, Snæbjörn Sigurðsson, Gunnar Þorgeirsson  
Bjarki Reynisson, Bjarni Einarsson, Aðalsteinn Guðmundsson,  
Valdimar Guðjónsson, Torfi Áskelsson og Kristján Einarsson